

Nd.

561. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. í stað 3. másl. komi tveir málsliðir, svo hljóðandi:

Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Í Reykjavík skulu þó trúnaðarmenn atvinnurekenda báðir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, en þegar þar er um að ræða málefni, sem varðar Vinnumálasamband samvinnufélaganna, skal í stað annars þeirra kveðja til trúnaðarmann frá því.

Einn nefndarmanna (JR) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 24. marz 1956.

Páll Þorsteinsson,
form., frsm.

Kjartan J. Jóhannsson,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson.

Hannibal Valdimarsson.